



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

Fimmtudagur

26. janúar 2012

4. tbl. · 29. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



N1 VERSLUN ÍSAFIRÐI
SÍMI: 456 3995
OPIÐ: MÁN.-FÖS. 7-17



Bjálkinn og flísinn

„Stundum er sagt að við hér fyrir vestan séum duglegastir að eyða okkur sjálfir. Þá er verið að vísa til þess hugsunarháttar að sjá alltaf flísina í auga náungans en ekki bjálkann í sínu eigin. Það er mjög ríkjandi hér,“ segir Arnar Kristjánsson. Á miðopnu ræðir hann um árin á sjó, þrjá skipaskaða og stöðu útgerðar á Vestfjörðum.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐinni
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |

EIMSKIP
Flytjandi

Ekki sátt við vinnubrögð Ísafjarðarbæjar

„Ísafjarðarbær er búinn að láta meta húsið og hefur þar með sett verðmiða á það,“ segir Ásthildur Cesil Þórðardóttir íbúi að Seljalandsvegi 100 á Ísafirði en bæjarráð Ísafjarðarbæjar ákvað í febrúar á síðasta ári að hefja viðræður um uppkaup á fasteign hennar sem og fasteigninni að Seljalandsvegi 102, vegna fyrirhugaðra varnargarða sem reisa á neðan Gleiðarhjalla í Skutulsfirði. Ásthildur segist hvorki sátt við

vinnubrögð Ísafjarðarbæjar né að þurfa að flytja.

„Ég er engan veginn sátt við þetta og mun nota allt mitt til að berjast gegn þessu. Þeir ætla að henda mér og fjölskyldu minni út úr húsinu og láta mig hafa pening sem dugar rétt til að kaupa blokkaríbúð. Þetta er þó ekki spurning um hvað ég fæ fyrir húsið, heldur að ég vil fá að vera þarna áfram,“ segir Ásthildur.

„Það á að fara með varnar-

garðinn inn fyrir Engi og þar með eyðileggja þrjátíu ára starf í ræktun. Ég vil ekki láta umturna mínu lífi og rústa öllu því sem ég hef unnið að síðan 1986 sem og að ég standi á götunni með fjögurra manna fjölskyldu,“ segir Ásthildur sem spyr hvaða almannahagsmunir séu í húfi því engin íbúðarbyggð sé fyrir neðan hana og aðeins einn íbúi fyrir innan.

Þá er Ásthildur ósátt við vinnubrögð Ísafjarðarbæjar í málinu.



Fasteign Ásthildar við Seljalandsveg 100.

Hún segir að litlar sem engar upplýsingar hafi borist frá bæjar- yfirvöldum þar til henni barst bréf um mat á húsinu. Ekki hafi enn verið haft samband við íbú-

ana og að hún hafi fyrst lesið um að til stæði að fara í uppkaup á fasteign hennar í BB í febrúar á síðasta ári.

– asta@bb.is



Sigurður Jónsson, annar eigandi Borea Adventures.

Aflýsa Jan Mayen ferðum

Ferðapjónustufyrirtækið Borea Adventures á Ísafirði hefur aflýst ferðum til Jan Mayen sem skipulagðar höfðu verið í sumar. Eyjan var gerð að friðlandi fyrir um einu og hálfu ár og þar með var umferð um eyjuna takmörkuð. Ekki fæst lendingarleyfi á tveimur afmörkuðu svæðum og þá eru allar tjaldbúðir á stærstum hluta eyjunnar bannaðar. Að sögn Sigurðar Jónssonar, annars eigenda Borea Adventures, var fyrir-

tækið á hálfgerðri undanþágu frá þessum reglum en sú undanþága fæst ekki framlengd. „Okkur er ekki beinlínis bannað að fara á eyjuna en þetta gerir okkur það erfitt fyrir að við verðum að hætta við,“ segir Sigurður.

„Helsta ástæða þess að við höfum farið til Jan Mayen eru ferðir á fjallið Beerenberg en miðað við núverandi reglur þá er nánast ómögulegt að komast að fjallinu. Við fáum t.d. ekki að fara í land

nálægt því, heldur verðum að leggja að hinum megin á eyjunni. Við ákváðum af þeim sökum að aflýsa tveimur ferðum sem átti að fara í sumar,“ segir Sigurður, en áfram verður fylgst með þróuninni og hvort að einhverjar breytingar verða á túlkun á reglum Norðmanna um umgengni á eyjunni.

„Þetta er auðvitað leiðinleg þróun og tekur svolitla sneið úr starfi okkar. Þetta var orðið að

sérsviði hjá okkur þar sem við vorum eina fyrirtækið sem var með fastar ferðir til Jan Mayen. En það opnast einhver ný tækifæri annars staðar. Við ætlum að leggja meiri áherslu á ferðirnar á Hornstrandir og Jökulfirði en bókanir eru fínar fyrir sumarið. Þá ætlum við að halda því opnu að fara í aðra ferðina til Jan Mayen, ef fólk vill vera á eigin ábyrgð á eyjunni.“

– asta@bb.is

Eiríkur Finnur til Arctic Odda

Eiríkur Finnur Greipsson hefur verið ráðinn fjármálastjóri Arctic Odda ehf., á Flatøyri, sem keypti eignir þrotabús Eyrarodda ehf., á síðasta ári. Þá kemur Eiríkur Finnur einnig til með að starfa fyrir fiskeldisfyrirtækið Dýrfisk ehf., sem er að hluta í eigu Arctic Odda. Forsvarsmenn fyrirtækisins hafa í hyggju að efla fiskvinnslu á Flateyri og auka silungseldi í Dýrafirði innan tveggja ára.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur fjallað um breyttar reglur vegna úthlutunar byggðakvóta fyrir yfirstandandi fiskveiðiár, en ný viðmið við úthlutun kvótans munu breyta mestu fyrir Flateyri, þar sem miða skal við landaðan afla síðustu þrjú fiskveiðiár. Ljóst er að báturinn Stjáni Ebbs ÍS, sem er í eigu Arctic Odda, mun hagnast hvað mest við breytingarnar. Eiríkur Finnur er jafnframt formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar.

„Ég sagði mig frá málinu á föstudag í síðustu viku þegar það var ljóst að ég myndi þiggja starfið hjá Arctic Odda. Ég sá strax að þetta mál myndi valda titringi, en það er auðvitað alveg ljóst að fjármálastjóri svona fyrirtækis hefur mikla hagsmuni af því að fyrirtækið fái mikinn byggðakvóta,“ segir Eiríkur Finnur.

„Byggðakvótinn hefur það víðtæk áhrif að við sjálfstæðismenn áttum í vandræðum með að finna aðila á okkar 18 manna lista sem ekki hafði hagsmuni að gæta til að afgreiða málið,“ segir Eiríkur Finnur en það var Hlynur Kristjánsson sem tók sæti í bæjarstjórn fyrir hönd sjálfstæðismanna við afgreiðslu málsins.

– asta@bb.is

Snerpa kaupir hýsingarrektur Netheima

Tölvupjónustun Snerpa á Ísafirði hefur gengið frá kaupum á hýsingarrekti fyrirtækisins Netheima. Rektur Netheima var endurskipulagður fyrir nokkru og hefur hýsingarþjónustan í millitíðinni verið í umsjón Særafs sem tók við flestum þeim verkefnum

sem Netheimar sinntu áður.

„Einn af þeim þáttum í rekstri Netheima, þ.e. hýsingarrekturinn, var ljóst að var til sölu við þessar breytingar og eftir nánari skoðun varð úr að Snerpa keypti þennan hluta rekstursins. Í því felst að Snerpa kaupir m.a. af

Netheimum allan vélbúnað sem notaður var til þjónustunnar og munu viðskiptavinir Netheima að þessu leyti því framvegis verða í viðskiptum við Snerpu,“ segir á vef tölvupjónustunnar.

Salan á sér nokkurn aðdraganda og var viðskiptavinum kynnt

væntanleg breyting á frumstigi samningaviðræðna og áhersla lögð á að rask af breytingunum yrði sem minnst. Ýmsir nýir möguleikar opnast þó við yfirfærslu þjónustunnar og verða þær betur kynntar viðkomandi viðskiptavinum í framhaldinu.

Miklu meiri hollusta

41%
minni
sykur

Fitness morgunkornflögurnar innihalda 41% minna af sykri, meira af trefjum og færri kalóriur en sambærilegar heilsukornflögur á markaðnum. Láttu skynsemina ráða og byrjaðu daginn á bragðgóðum og miklu hollari morgunverði.



Thelma Rut kjörin íþróttamaður Ísafjarðarbæjar 2011

Thelma Rut Jóhannsdóttir hjá Skíðafélagi Ísfirðinga er íþróttamaður Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2011. Thelma Rut hefur æft skíði hjá Skíðafélagi Ísfirðinga í tíu ár. Hún náði snemma mjög góðum tókum á íþróttinni og hefur alla tíð verið í fremstu röð í sínum aldursflokki. Árangur hennar á síðastliðnu ári var mjög góður. Hún var fjölmörgum sinnum á verðlaunapalli í sínum aldursflokki en einnig í fullorðinsflokki kvenna. Á árinu 2010 var hún valin í unglingalandslið Skíðasambands Íslands og hefur síðan tekið þátt í bæði æfingum og keppni í alþjóðlegum mótum á þess vegum. Þá varð hún bikarmeistari SKÍ í flokki 15-16 ára á síðasta ári.

Viðurkenning fyrir útnefninguna og farandbikar var afhentur við hátíðlega athöfn í Stjórn-sýsluhúsinu á Ísafirði á sunnudag. „Thelma Rut er hæfileikarík skíðakona og metnaðarfull,“ segir í umsögn um Thelmu sem lesið var upp við athöfnina. „Thelma er sterkur íþróttamaður, skemmtilegur æfingafélagi og metnaðarfull keppnismanneskja. Auk þess að vera sterkur skíðamaður er Thelma ein af öflugustu knattspyrnukonum bæjarins.“

Auk Thelmu hlutu átta íþróttamenn viðurkenningu fyrir góðan



Albertína Friðbjörg Elíasdóttir færði fyrir hönd Ísafjarðarbæjar Thelmu Rut viðurkenningu og farandbikar við formlega athöfn.

árangur á árinu 2011. Það voru þeir Anton Helgi Guðjónsson hjá Golfklúbbi Ísafjarðar, Elena Dís Víðisdóttir hjá Sundfélaginu

Vestra, Eva Margrét Kristjánsdóttir hjá Körfuknattleiksfélagi Ísafjarðar, Hafrún Lilja Jakobsdóttir hjá Hestamannafélaginu

Hendingu, Hafþór Atli Agnars-son, hjá Boltafélagi Ísafjarðar, Kristín Þorsteinsdóttir hjá Íþróttafélaginu Ívari, Sigurður Óli Rún-

arsson hjá Herði og Valur Richter hjá Skotíþróttafélagi Ísafjarðarbæjar.

– thelma@bb.is



Nú íþróttamenn fengu viðurkenningu fyrir góðan árangur á árinu 2011.



Fjölmenni mætti til hófsins í Stjórn-sýsluhúsinu.

Sautján missa vinnuna við gjaldþrot KNH

Sautján einstaklingar missa vinnuna við gjaldþrot verktakafyrirtækisins KNH ehf., en þeim hafði verið sagt upp í hópuþsögn í október á síðasta ári. Forsvarsmenn Verkalýðsfélags Vestfirðinga hafa átt óformlegan fund með nokkrum fyrrverandi starfsmönnum fyrirtækisins þar sem farið var yfir réttarstöðu þeirra í

gjaldþrotaferlinu. Fyrirhugaður er sameiginlegur fundur Verkalýðsfélagsins og Vinnumálastofnunar þar sem farið verður betur yfir það ferli sem við tekur.

„Ljóst er að VerkVest mun reyna að hlaupa undir bagga með félagsmönnum sem ekki hafa fengið greidd laun síðan 1. desember. Félagið hefur að sjálf-

sögðu boðist til að sjá um launa-kröfur fyrir hönd sinna félagsmanna,“ segir á vef félagsins. Eins og greint hefur verið frá hefur Héraðsdómur Vestfjarða úrskurðað að félagið verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Fyrirtækið hafði verið í greiðslustöðvun frá apríl 2011 og í framhaldinu leitað nauðasamninga, en



heimild til nauðasamninga var felld úr gildi fyrir stuttu. Grímur

Sigurðsson hrl., hjá Landslögum hefur verið skipaður skiptastjóri.

Samkaup **úrval**

góðir grannar



Sparnaðartilboð helgarinnar 26. - 29. janúar

samkaupurval.is

Góð kaup!
~~1.698~~
1.477 kr stk
Þorrabakki
frá Goða

25% afsláttur
~~2.298~~
1.799 kr pk
Súrmatur 700g
frá Kjötseli

Alifuglahakk
frá Ísfugli
~~498~~
349 kr/kg
30% afsláttur

25% afsláttur
~~2.298~~
1.799 kr kg
Sviðasulta
frá Kjötseli

25% afsláttur
~~279~~
209 kr kg
Kindabjúgu
frá Kjötseli

Authentic Mexican Food
EL PASO, TEXAS
CASA FIESTA
Authentic Mexican Food
Gott úrval
NACHO SLICED JALAPEÑOS
Salsa Dip mild
4 OZ. 113 g

Góð kaup!
~~1.298~~
1.098 kr pk
Okkar fiskur 1kg
frystir þorskbítar, roð- og beinlausir

Grænmeti vikunnar!
Gulrætur 1kg
~~229~~
115 kr/pk
50% afsláttur

...sjá fleiri tilboð og uppskriftir á samkaupurval.is

Margrét Gunnarsdóttir er bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar

Margrét Gunnarsdóttir, píanóleikari á Ísafirði, var útnefnd bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar við hátíðlega athöfn í Safnahúsinu á Ísafirði á föstudag. Var það einróma niðurstaða bæjarráðs að Margrét yrði fyrir valinu en nokkrar ábendingar bárust til ráðsins eftir að óskað var eftir tilnefningum í þetta virðingarstarf. Meðal atriða sem tilnefning bæjarráðs byggir á má nefna að Margrét hefur unnið að listum og menningu í Ísafjarðarbæ í yfir 20 ár. Hún hefur annast kórstjórn og undirleik fyrir fjölda kóra í bænum. Margrét hefur einnig kennt fjölda ungs fólks á píanó. Hún á stóran þátt í endubyggingu Edinborgarhússins sem er menningararmiðstöð í Ísafjarðarbæ.

Margrét hefur rekið listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar af miklum metnaði og alúð. „Ekki er ofsögum sagt þó henni sé þakkað að hér í bæ sé kenndur ballettdans svo eitthvað sé nefnt. Það er því fullkomlega ljóst þó ekki sé lengri upptalning á afrekur listakonunnar Margrétar Gunnarsdóttur að hún er vel að því komin að hljóta útnefningu sem listamaður Ísafjarðarbæjar árið 2012,“ sagði Albertína F. Elíasdóttir, forseti bæjarstjórnar, við útnefningu bæjarlistamannsins.

ingu bæjarlistamannsins.

Margrét Gunnarsdóttir fæddist á Ísafirði 16. mars árið 1954, og er dóttir hjónanna Gunnars Jónssonar og Jónínu Einarsdóttur. Hún útskrifaðist sem stúdent frá Menntaskólanum á Ísafirði árið 1974 en fluttist þá til Reykjavíkur. Það átti fyrir Margrétu að ligga að nema klassískan píanóleik vestan hafs og austan. Árið 1977 fékk hún styrk til náms við Ohio-háskóla í Bandaríkjunum, en haustið 1978 flutti hún sig til Evrópu og lærði við Sweelinck Conservatorium í Amsterdam í Hollandi. Hún lauk því námi árið 1984 ásamt kennsluréttinum í píanóleik. Sama ár flutti hún aftur í heimahagana og hóf kennslu við Tónlistarskóla Ísafjarðar. Árið 1993 urðu svo vatnaskil í ferli Margrétar er hún stofnaði Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar.

Margrét er sú ellefta sem hlýtur nafnbótina „Bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar“. Fyrri bæjarlistamenn hafa verið Marsibil Kristjánsdóttir, myndlista- og fjöllistarkona, Sigríður Ragnarsdóttir, skólastjóri og tónlistarmaður, Reynir Torfason, myndlistarmaður og safnvörður, Harpa Jónsdóttir, rithöfundur og



Albertína og Margrét við útnefningu bæjarlistamannsins.

kennari, Vilberg Vilbergsson, rakari og tónlistarmaður, Jónas

Tómasson tónskáld, Elfar Logi Hannesson leikari, Pétur Tryggvi

Hjálmarsson silfursmiður og Baldur Geirmundsson, tónlistarmaður.

Spurningin

Fylgist þú með leikjum íslenska landsliðsins á EM í handbolta?

Alls svöruðu 565.

Já sögðu 394 eða 70%
Nei sögðu 171 eða 30%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Suðaustanátt með slyddu eða rigningu, en úrkomu-lítið NA-til. Hlýnar um land allt.

Horfur á laugardag:

Suðlæg átt og úrkoma, einkum sunnantil. Hiti 0-7 stig.

Horfur á sunnudag:

Suðvestanátt og eljagangur og kólnandi veður.

Ritstjórnargrein

Að þreyja Þorrann

Árstíminn sem nú er uppi var fyrri alda Íslendingum jafnan kvíðvænlegur. Hverjar voru líkurnar á að þreyja mætti Þorrann og Góuna, öllu jafnan veðrasamasta tíma ársins og við þær aðstæður sem þá voru almennt uppi hvað húsakost og annað er daglegt líf varðaði. Hvað sem líður amstri og bölmóði mörlandans í dag, komumst við aldrei nær þeirri harðneskju sem forfeðurnir máttu í einu og öllu þola, en það sem lesa má um í gömlum skræðum.

Yfir vangaveltum um veðurfar á Þorra til lands og sjávar verður ekki horft fram hjá pólitískum sviftivindum, átökum og uppreisnum, sem nú ganga yfir líkt og lægðir á færiböndum veðurfræðinga, vítt og breitt um heim.

Svo djúpt hefur verið í árinni tekið að verði ekkert aðhafst komi óhjákvæmilega til átaka milli þess stóra hóps fólks, um allan heim, sem ekkert á, og hins fámenna hluta, sem allt á. „Fátæka fólkið er að sækja fram og krefst réttlætis. Ef ríka fólkið, þ.e. við Vesturlandabúar fyrst og fremst, föllumst ekki á að láta eitthvað af okkar hlut verður bylting á heimsvísu í sama anda og afdrifaríkasta þjóðfélagsbylting síðari tíma í París fyrir rúmum 200 árum,“ segir Styrmir Gunnarsson, fyrrum ritstjóri Morgunblaðsins, í Morgunblaðinu á sunnudag og hann segir líka ójöfnuð ríkja innan borgarhliða hinna ríku Vesturlanda. „Við sjáum á Íslandi í örmynd þjóðfélagsátökin úti í hinum stóra heimi. Hér eins og annars staðar snúast þau um að jafna kjörin og að hinir ríku láti eitthvað

af hendi,“ segir Styrmir og spyr: „Er eðlilegt að Mitt Romney, sem getur orðið forsetaefni repúblikana borgi 15% skatt af sínum tekjum, þegar launþegi í bílaverksmiðju í Detroit borgar 35%. Sama kerfi er í gildi hér.“

Fyrr í skrifum sínum hafði Styrmir vitnað til greinar í bandarísku tímariti þar sem sú kenning var uppi að „óskráður þjóðfélagsáttmáli, sem í gildi hafi verið í Bandaríkjunum, hafi verið brotinn. Og peningarnir tekið völdin. Eða öllu heldur hafi skipulagt peningavald tekið stjórn mála í sínar hendur og staðið fyrir gífurlegri eignatilfærslu til hinna auðugustu.“ Hljómar þetta eitthvað kunnuglega í eyrum?

Eflaust eru margir sem erfitt eiga með að sjá fram á hvernig þeir þreyi Þorrann og Góuna. Ástæðurnar fyrir því eru þó allt aðrar en forfeður okkar áttu við að etja; langt frá því að vera einfalt og auðleyst mál. Svo er um fleiri samfélagsleg vandamál, sem ekki veður ráðin bót á nema til komi samstaða í stað sundrungar.

Það vantar ekki fjölbreytnina í Þorradagskrána. Í USA sólunda menn milljörðum dollara í baráttuna um forsetastólinn; handhafi stólsins á Bessastöðum kys að hafa kápun á öxlum sér líkt og Sæmundur forðum; í Bretlandi kom ráðherra til hugar að leysa fjármálakreppuna með því að gefa drottingunni nýja glæsisnekkju; til hvers upplausnin á íslenska stjórnarheimilinu kann að leiða skal engu spád. Eitt er víst: Tíðarfarið á Þorranum og Góunni er ekki stóra vandamálið í dag. s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sölgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. Blaðamenn: Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. Ásta María Sverrisdóttir, sími 824 0644, asta@bb.is. Ritstjóri netútgáfu bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson. Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. ISSN 1670 - 021X

22% fækkun á þrettán árum

Leikskólabörnum á Vestfjörðum fækkaði um 22% á árabílinu frá 1998 til 2010 á meðan leikskólabörnum á höfuðborgarsvæðinu, utan Reykjavíkur, fjölgaði um 65%, að því er segir í skólaskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hlutfallslega fækkaði leikskólabörnum mest á Vestfjörðum á tímabilinu en 518 börn voru í leikskólum á Vestfjörðum árið 1998 samanborið við 406 árið 2010. Leikskóla-

börnum fækkaði einnig á Norðurlandi vestra á framangreindu tímabili eða um 10%. Annars staðar á landinu fjölgaði leikskólabörnum en hlutfallslega mesta fjölgunin var á höfuðborgarsvæðinu, að Reykjavík frátalinni, eða 13%.

Árið 2010 var lægst hlutfall leikskólabarna miðað við íbúafjölda á Vestfjörðum eða 5,5%. Hæst var hlutfallið á höfuðborgarsvæðinu eða 6,6%. Nær 85%

barna á aldrinum eins til fimm ára á Vestfjörðum voru skráð í leikskóla árið 2010 sem er 8% aukning frá árinu 1998 þegar þau voru 76%. Um er að ræða svipaðan fjölda og annars staðar á landinu.

Norðurland vestra og Austurland skera sig þó úr en þar eru 92% og 91% barna á aldrinum eins til fimm ára með leikskólaþláss. Þau börn sem dvöldu aðeins fjórar klukkustundir á leik-

skóla voru flest á Vestfjörðum árið 2010 eða um 10%. Börn í Reykjavík sem dveljast á leikskóla í fjóra tíma á dag voru svo fá að þau ná ekki 1%. Barnahópurinn sem dvelur í 7–8 tíma á dag var alls staðar hlutfallslega stærsti hópurinn en um 55% leikskólabarna á Vestfjörðum dvelja 7-8 klukkustundir á leikskóla á dag. Þá dvöldu 19% leikskólabarna á Vestfjörðum 9 klukkustundir á dag í leikskóla.

Starfsfólki á leikskólum á Vestfjörðum fjölgaði um átta á tímabilinu 2006-2010. Um er að ræða fjölda starfsfólks en ekki stöðugildi. Ófaglærðu starfsfólki fjölgaði um fjóra en svokölluðu öðru uppeildismenntuðu starfsfólki fjölgaði um fimm. Þá fækkaði leikskólakennurum um einn á tímabilinu, en árið 2010 var hlutfall leikskólakennara lægst á Vestfjörðum og í Reykjavík en hæst á Norðurlandi.



Frá Bolungarvíkurgöngum.

Flestir fara um göngin á föstudögum

Umferð um Bolungarvíkurgöng var nærri 3% meiri á síðasta ári en umferð um Óshlíðina árið áður. Umferð til og frá Bolungarvík jókst um 2,7% á síðasta ári með tilkomu Bolungarvíkurganga sem er vel umfram landsmeðaltal hringvegarins. Um göngin fóru að meðaltali 797 bílar á sólarhring en 776 bílar fóru að meðaltali um Óshlíðina árið á undan. Spá Vegagerðarinnar

hljóðaði upp á litlu fleiri bíla eða 810 bíla á sólarhring, en taka verður með í reikninginn að umferð um göngin eykst á meðan hún dregst saman á landsvísu. Umferðin á síðasta ári jafngildir því að um 290 þúsund bílar hafi ekið í gegnum göngin í báðar áttir.

Umferðin um Bolungarvíkurgöng er jafnari yfir árið en t.d. um Héðinsfjarðargöng. Í júlí fer aðeins 13% umferðarinnar í

gegnum Bolungarvíkurgöng samanborið við 17% í Héðinsfjarðargöngum. Fyrsta og þriðja ársfjórðung síðasta árs fór um 30% umferðarinnar fram og 40% yfir sumarið, sem er mun jafnari dreifing en um Héðinsfjarðargöng. Í samantekt Vegagerðarinnar segir að erfitt sé að bera tvö síðustu ár saman m.t.t. hvort einhver breyting hafi orðið á ein-kennum umferðar við göngin.

Umferð datt niður um Óshlíð haustið 2010 í kjölfar opnun Bolungarvíkurganga. Það virðist þó hafa orðið hlutfallslega meiri aukning í umferð virka daga sem gefur tilefni til að álykta að atvinnutengd umferð hafi aukist hlutfallslega meira en umferð vegna einkaerinda.

Langmest umferð um göngin mælist á föstudögum og minnst á sunnudögum. Meðalumferð á

þriðjudögum er næst ársmeðaltalinu. Sólarhringsumferð fyrir innanbæjar umferð ber öll ein- kenni sólarhrings dreifingar fyrir innanbæjar umferð, séð t.d. miðað við höfuðborgarsvæðið.

Um helgar, er eins og vænta mátti, meiri umferð á nóttunni og hlutfallslega er meiri umferð aðfaranótt laugardags en föstudags.

– asta@bb.is

Vilja koma í veg fyrir hefðarrétt

Ekki er talið æskilegt að veita fyrirtækjum leyfi fyrir fiskeldi í Ísafjarðardjúpi til of langs tíma meðan nýtingaráætlun sveitarfélaga eða ríkisins fyrir svæðið liggur ekki fyrir, segir í umsögn bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar til Skipulagisstofnunar vegna fyrirhugaðs fiskeldis Hraðfrystihússins Gunnvarar hf., í Ísafjarðardjúpi. Bæjarstjórn telur einnig mikilvægt að komið verði í veg fyrir að hefðarréttur geti myndast á fiskeldisleyfum. HG stefnir á

framleiðslu á 7000 tonnum af eldisfiski í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi en fyrirtækið hefur staðið fyrir tilraunaeldi á þorski í Álfafirði og í Seyðisfirði og um nokkurra ára skeið.

HG hefur staðið fyrir rannsóknnum á umhverfi eldisins og umhverfisáhrifum. Þær rannsóknir benda til að ekki séu miklar líkur á að fyrirhugað eldi geti valdið umtalsverðum eða óafturkræfum umhverfisáhrifum í Djúpinu. Það hefur verið skoðun

bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar að sveitarstjórnir hafi ákvörðunar- rétt í máli sem þessu en engin lagaleg forsenda tryggir raunhæfa aðkomu sveitarstjórna. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar telur sig ekki hafa forsendur til að krefjast þess að fyrirhugað eldi sæti mati á umhverfisáhrifum, en í ljósi þess hve greiðlega hefur gengið fyrir ýmis fyrirtæki að fá leyfi fyrir sjókvíaeldi á Vestfjörðum undanfarin misseri gerir bæjarstjórn ekki ráð fyrir að farið

verði fram á umhverfismat vegna núverandi fyrirætlana HG um aukna framleiðslu á eldisfiski.

Bæjarstjórn telur þó mikilvægt að gerð verði ítarleg grein fyrir þeim áhrifum sem eldið kann að hafa á hefðbundna nýtingu svæðisins s.s. fiskveiðar, rækjuveiðar og ýmsa hlunnindanýtingu og að haft verði samráð við nýtingaradila um tilhögun eldisins. Bæjarstjórn vill tryggja að samráð verði haft við sjómenn og útgerðarmenn við Ísafjarðardjúp sem

hingað til hafa stundað þar fiskveiðar. „Ekki er sanngjarnt að hefðbundnum fiskveiðum til nýtingar svæðisins verði stuggað frá, heldur verði að komast að samkomulagi strax um hvar eldískvíar verði staðsettar svo vonandi allir geti vel við unað,“ segir í umsögninni. Jafnframt telur bæjarstjórn nauðsynlegt að gerðar verði viðbragðsáætlanir um viðbrögð við slyssasleppingum laxfiska vegna laxveiðiánna við Ísafjarðardjúp.

– asta@bb.is



Ve standa

Arnar Kristjánsson gekk í bændaskólann á Hólum og ætlaði sér ekki að verða sjómaður þegar hann „álpaðist“ í túr með Guggunni í janúar 1968. Rúmum fjórtíu árum og þremur skipasköðum síðar er hann enn á sjó. Blaðamaður BB settist niður með honum og ræddi við hann um rækjuveiðar, kvótakerfið og útgerð á Vestfjörðum.

Fjórtán ár á Guggunni

„Ég er fæddur og uppalinn á bænum Ármúla við Kaldalón í Ísafjarðardjúpi. Það var tvíbýli á Ármúla og þar bjuggu pabbi minn og bróðir hans með bæði kýr og kindur. Við erum fjögur systkinin og á hinum bænum ólust líka upp fjögur börn. Það var náttúrulega alltaf mjög margt fólk á báðum bæjum og mikið líf og

fjör. Það var líka mikið af krökkum þarna á sumrin. Foreldrar mínir hættu svo að búa 1980 og þá var jörðin seld. Þau fluttu hingað á Ísafjörð og við búum hér öll fjögur systkinin í dag,“ segir Arnar.

„Ég álpaðist út á sjó 17 ára, í janúar 1968 á Guðbjörgina. Hún var á netum þessa vertíð og fór svo á síld um sumarið. Við fórum út um miðjan júní og komum ekki aftur til Íslands fyrr en um miðjan september. Vorum því í þrjá og hálfan mánuð á sjó og lönduðum í flutningaskip á Svalbarða. Ég veit ekki hvort menn létu bjóða sér svo langt úthald í dag,“ segir Arnar og brosir.

„Ég var viðloðandi Gugguna í 14 ár, enda var best að vera þar. En ég hafði gengið í bændaskólan á Hólum og ætlaði mér aldrei að verða sjómaður. Ég átti alltaf

erfitt með að vera á sjó yfir sumartímann, er sveitamaður í mér og vildi frekar vera úti í náttúrunni. Ég vann því í vegagerð í fjögur sumur þegar verið var að opna Djúpið. Ég fór líka á önnur skip og svona prófaði hitt og þetta. En endaði alltaf aftur á Guðbjörginni.“

Rækjan í Djúpinu

Arnar hóf eigin útgerð árið 1984. „Þá bauðst okkur Gísla bróður að kaupa bát. Ætli það hafi ekki verið þá sem ég ákvað að hætta að hugsa um eitthvað annað en sjómennskuna og einbeita mér að henni. En ætlunin með því að kaupa bátinn og fara á rækju í Ísafjarðardjúpi var líka að geta verið meira heima, frekar en úti á sjó á togara. En ég hef nú sennilega sjaldan verið minna

heima en fyrstu árin eftir að ég byrjaði í eigin útgerð.

Þegar við keyptum bátinn og komumst inn í rækjuna í Ísafjarðardjúpi höfðu verið leyfð 3000 tonn á vertíðinni sem þá var að enda. Þegar við fórum á rækju um haustið voru bara leyfð 1000 tonn auk þess sem það var mikil fiskgengd í Djúpinu og því alltaf verið að fresta byrjuninni. Við gerðum þennan bát út í tvö ár en þá slitnaði upp úr samstarfinu við meðeiganda okkar að honum. Þá tókum við bræðurnir upp í hann annan minni bát og fórum á net suður í Breiðafjörð. Síðan tók við hitt og þetta hjá okkur til að halda okkur á floti.“

Sjóskaði á Breiðafirði

„Einhverntíma vorum við beðnir að koma á skelveiðar á

Breiðafirði og vorum þar í tvo vetur. En ég hef sennilega aldrei verið jafn nálægt því að fá magasár og þarna á Breiðafirðinum, hann er svo skerjöttur. Við vorum ekki með almennileg tæki og maður þekkti þetta ekki neitt. Það kom líka að því að ég strandaði. Við vorum búnir að sigla þessa sömu leið í marga mánuði en hún var mjög skerjött. Við vorum reyndar alltaf að reyna að finna betri leið en það gekk eitt-hvað illa og við þóttumst orðið þekkja þessa ágætlega. En síðan strandar báturinn bara allt í einu við Kirkjusker við Flatey. Við sigldum yfirleitt á 13-14 faðma dýpi en það voru grynningar útfrá þessu skeri. Þegar ég stranda bátinum stendur kjölbreiddin undan kjölum en það er 14 faðma dýpi við hliðina á bátinum. Við lentum því uppi á skerinu og

erðum að a saman

báturinn varð til þar. Báturinn Halldór Sigurðsson var ekki langt frá og við komumst um borð í hann. Við ætluðum að reyna að bjarga bátnum en það gerði vitlaust veður og hann eyðilagðist. Okkur tókst að verða okkur úti um annan bát og halda áfram veiðum en stuttu síðar hrundi verðið á skelinni. Þá fórum við á rækju í Djúpinu aftur.“

Upp og niður

Arnar segir að á næstu árum hafi gengið vel í rækjunni. „Gísli bróðir var með bátinn en ég var nú frekar laus við. Stuttu síðar keyptum við annan bát til að vera með á rækju í Djúpinu og vorum þá komnir með tvö leyfi á rækju. Það var ekki of vel séð af þeim sem voru með okkur á rækjunni. Við þóttum heldur fyrirferðar-

miklir að vera að bröлта þetta. Það jafnaði sig nú allt saman. En það er þannig með rækjumenn að þeir halda vel utan um sitt. Þetta gekk svo ágætlega næstu árin hjá okkur. Við vorum á úthafs-rækju á sumrin og í Djúpinu á veturna.“

Einhverju eftir að bræðurnir Arnar og Gísli voru komnir með tvö leyfi var settur rækjukvóti á Djúpið. „Þá gátu menn farið að kaupa kvóta. Gísli keypti bát sem losnaði þannig að hann var kominn með tvo kvóta. Á svipuðum tíma bauðst mér bátur og keypti hann. Þá vorum við bræður komnir með fjóra kvóta í Djúpinu og þóttum aftur orðnir full fyrirferðarmiklir. Við stækkuðum bátana og höfðum ágætt lifibrauð af þessu í einhvern tíma. En síðar lenti ég í því að ráða ekki alveg við þessa útgerð. Þá

seldi ég bátinn og keypti Ísborg. Ég vildi vera á rækju áfram en Gísli fór á dragnótina. En svo voru rækjuveiðar bannaðar í Ísafjarðardjúpi árið 2003. Við ætluðum að hanga á leyfunum en mér tókst það ekki.“

Barist í bökkum

En ekki leið á löngu þar til Arnar átti þrjú skip. „Já, ég átti Ísborgu og Sólborgu og bauðst óvænt að kaupa togarann Dagrúnu sem þá lá í Færeyjum. En ég varð að svara því tilboði á innan við þremur dögum. Ég sá í hendi mér að selja hin tvö skipin og færa mig yfir á togarann. Kaupi togarann en þeir sem ætluðu að kaupa af mér hin tvö skipin fengu ekki lán. Bankinn þeirra sagði við þá að ætluðu þeir að kaupa yrði ég að lána kaupverðið. Ég var ekki tilbúinn

til þess. En til að koma Dagrúnu á sjó þurfti að leggja í hana peninga. Því var ég allt í einu með þrjú skip en ekki verkefni fyrir þau öll. Ég seldi Sólborgu en fékk aldrei neitt meira greitt en útborgunina. Og náði svo á endanum að selja Dagrúnu til útlanda. En þá voru engin verkefni fyrir Ísborgu og rækjan sífellt erfiðari við að eiga. Ég lenti því í miklum vandræðum með fyrirtækið, ekki í fyrsta sinn, en hélt skipinu.“

Ísborgin lá bundin við bryggju næstu fjögur árin. „Það var reynt að selja skipið en tókst ekki. Mér buðust einhver verkefni fyrir það en annars var ætlunin að selja það í brotajárn. Um svipað leyti og Íslendingar áttuðu sig á að það væri ekki lengur grundöllur fyrir því að selja hver öðrum verðbréf fór rækjan að hækka eins og aðrar sjávarafurðir. Þá fór ég með skipið í slipp og lét þykktarmæla járníð til að athuga hvort að það ætti ekki einhverja framtíð. Í framhaldi af því tók ég skipið í gegn og kom því á sjó. Hélt svo á rækjuveiðar í apríl 2010 og var fram í október. Þá voru akkúrat liðin fimm ár á milli vertíða. Ég fór aftur síðasta sumar og það gekk bara ágætlega. En ég vil ekki gera skipið út á veturna. Þá hoppa ég frekar á einhverja togara og gerist svona starfsmaður á plani. Þannig að nú bíður Ísborgin bara eftir næstu vertíð. Ég er að fara með hana í slipp í næsta mánuði og svo höldum við á rækju í mars eða apríl.“

Fleiri skipaskaðar

- Það er sagt að þú hafi lent oftast einu sinni og tvisvar í sjó-skaða. „Já, mig minnir að næsti skipsskaði hafi orðið 1997. Þá vorum við á úthafs-rækju að vori til á 60 tonna bát sem hét Litla-Nes. Við vorum þrír um borð og það kviknaði í bátnum. Við komumst í björgunarbát en báturinn brann fyrir augunum á okkur þarna á Húnaflóa. Þetta var svolítið óþægilegt því það var vaxandi veður. En sem betur fer voru nærliggjandi skip þarna því þegar við vorum hífðir upp úr björgunarbátinum voru komin 7-8 vindstig. Við vorum svo settir í land á Skagaströnd og það varð engum meint af.

Næsti skipsskaði varð í Ísafjarðardjúpi. Þá átti ég bát sem hét Kolbrún og var inni á Mjóáfirði, þar sem brúin er. Ég hafði farið inn fyrir eyju að leita að rækju og var á leiðinni til baka þegar ég lenti uppi á skeri. Við fórum daginn eftir til að ná honum af skerinu og vorum búnir að rétta hann við þegar við misstum hann svo hann sökk.“

- Þú ætlaðir þér aldrei að verða sjómaður og ert búinn að lenda í þremur skipasköðum en stundar samt enn sjóinn. „Sem betur fer hafa ekki orðið nein slys á fólki í þessum sjósköðum. Það er fyrir

öllu. Þótt maður verði aldrei sáttur við skipsskaða er það mikið lán ef áhöfnin kemst heil frá honum. Sjálfur er ég löngu orðinn sáttur við sjómennskuna. Það var bara á upphafsárunum sem manni langaði að prófa annað. En mér leið alltaf vel á togara eftir að ég hafði mátað mig við önnur störf.“

Kvótakerfið úrelt

- Sagt er að þú sért sjálfstæðismaður en Gísli bróðir þinn framsóknarmaður, hvernig fer það saman?

„Mjög vel. Okkur kemur ágætlega saman bræðrum og það hefur verið gantast með að ákveðið hagræði sé af því að annar okkar sé sjálfstæðismaður en hinn framsóknarmaður ef þarf að reka erindi einhversstaðar. Þá var sá sendur sem þótti líklegri til að ná árangri þar sem átti að leita hófanna. Og þótt við gerum út í sitthvorum lagi í dag hjálpum við hvorum öðrum þegar á þarf að halda.“

- Hvernig líst sjálfstæðismanninum Arnari á kvótakerfið?

„Það er engin spurning að það þurfti að hægja á veiðum á sínum tíma. Þegar kvótakerfið var sett á árið 1983 var ég á togara. Þá var morgunljóst að við vorum að ganga mjög harkalega á þorsstofninn. En það er ekki mér að skapi hvernig þessi mál hafa þróast. Mér líst illa á hvernig menn notfæra sér kerfið til að koma sér upp stærri og stærri einkaeign. Ég vil bara að auðlindin sé í eign þjóðarinnar og ég geti sótt mínar heimildir til hennar. Það kann ekki góðri lukku að stýra að auðlindin sé á höndum örfárra einstaklinga, það getur ekki gengið. Alveg eins og ég hugsa til þess með hryllingi ef ég þarf að fara að spyrja einhvern að því hvort ég megi drekka vatn.“

- Þannig að þér finnst rétt að endurskoða kerfið? „Kerfið verður að endurskoðast. Það er alveg á hreinu. En hvort að menn eru að gera það á réttan hátt er annað mál. Menn verða líka að horfast í augu við að útlitið væri allt öðruvísi í dag ef hefði verið farið í það á sínum að lagfæra þá galla sem hafa alltaf verið á kvótakerfinu. Áður fyrr létu útgerðarmenn greinina njóta fjármunanna sem hún aflaði. Hið sama verður ekki sagt um kvótakóngana í dag. Nú fer megnið af peningunum út úr greininni.“

Samstöðuleysi Vestfirðinga

Arnar segir að þegar litið sé yfir útgerð á Vestfirðum blasi við að eitthvað hafi farið úrskeiðis. „Stundum er sagt að við hér fyrir vestan séum duglegastir að eyða okkur sjálfir. Þá er verið að vísa til þess hugsunarháttar að sjá alltaf flísina í auga náungans



en ekki bjálkann í sínu eigin. Það er mjög ríkjandi hér. Ef einhverjum dettur eitthvað í hug er það afgreitt sem fásinna. Vestfirðingar eru auðvitað mjög háðir sjávarútvegi en okkur hefur ekki borið gæfa til að byggja hann upp eftir að heimildirnar fóru frá okkur. Hverju svo sem er um að kenna, óduglegum forystumönnum eða bara okkur sjálfum.

Það er alveg ljóst að við verðum að fara að standa meira saman og horfa á samfélagið okkar sem heild. Að hætta þessari eiginhagsmunastefnu, segi ég sem sjálfstæðismaður. Enda ekki alltaf sammála þeim í flokknum. En við verðum að standa meira saman og hjálpast að við að byggja upp svæðið. Til dæmis bara með því að versla í heimabyggð og hygla henni á allan mögulegan hátt. Ég tel mig gera það. Síðastliðið sumar landaði ég á Húsavík en lét keyra aflann á Ísafjörð. Mér fannst það vera skylda mín að styðja við samfélagið alveg eins og ég vil að það styðji við mig. Þetta mættu fleiri gera. Það er of mikið af afla keyrt í burtu héðan og þá er ég ekki bara að tala um strandveiðarnar.

Þessi hnignun á Vestfjörðum er mest okkur sjálfum að kenna. Við ætlumst of mikið til þess að aðrir geri hlutina frekar en við sjálf. Enginn ræktar garðinn sinn

betur en hann sjálfur. Sumir segja að okkur vanti heimildirnar okkar til baka. En þótt þær kæmu til baka myndi ekki fylgja því sama uppbygging og áður. Okkur vantar varanleg störf í landi. Það er til dæmis hægt að færa skjöl hvar sem er á landinu, ekki bara fyrir sunnan. Einhverntíma varð til ríkisstjórnarsamþykkt fyrir því að öll ný störf flyttust út á land. Við þurfum að kalla eftir þessum störfum og halda í þau. Háskólamenntað fólk er ekki að koma heim til að fara að vinna í fiski eða horfa á stjórnum. Ferðamennskan er ágæt viðbót en við þurfum meira.“

Arnar bætir við: „Annars er ég hugsi yfir öllu þessu fólki sem er á atvinnuleysisbótum. Nú er ríkisstjórnin að bæta við fjórða árinu sem fólk getur verið á bótum. Ég hef hringt nokkrum sinnum í Vinnumiðlun þegar mig hefur vantað fólk. Til dæmis vantaði mig vélstjóramenntaða menn í fyrri. Þá fékk ég lista hjá Vinnumiðlun og byrjaði að hafa samband fólk. Þegar ég var búinn að hringja nú símtöl hitti ég loksins á einn sem gat komið í tvo túra. Annars voru þessir atvinnulausu menn á leið í sumarfrí, til útlanda og ég veit ekki hvað.“

Orðinn hundlatur

Borðaðu enn rækju? „Já, held-

ur betur. Mér finnst rækja mjög góð. En sú allrabesta kemur úr Kolluál í Ísafjarðardjúpi. Hún er aðeins sætari og bragðmeiri. Mér finnst hún best beint úr skelinni. Þannig borða ég líka hörpuskelina. Annars höfum við Íslendingar verið merkilega lengi að læra á sjávarfangið okkar. Það er ekki langt síðan að við hentum öllum humri, hlýra og líka skötsel.“

Aðspurður hvað Arnar geri þegar hann sé ekki að vinna, svarar hann: „Ég á fjögur börn, tvö búa fyrir sunnan, eitt á Akureyri og eitt hér á Ísafirði. Og nú eru barnabörnin orðin þrjú. Konan mín kemur úr Keflavík en er líklega löngu orðin Vestfirðingur. Á meðan krakkarnir voru yngri hugsaði maður um lítið annað en koma þaki yfir sig og sína. Það er kannski fyrst núna sem maður er farinn að hugsa um eitthvað annað en vinnuna.“

Ég starfa með Kiwanis og tek þar þátt í allskyns fjáröflunum. Svo hef ég gaman af því að lesa ævisögur og þjóðlegan fróðleik. Ég er antisportisti og horfi því ekki á íþróttir en er auðvitað fíkill á fréttir og veður og spurningaþætti. Annars er maður orðinn svo hundlatur í seinni tíð. Ég er meira að segja hættur að nenna að drekka brennivín,“ segir Arnar brosandi. – *Huldar Breiðfjörð.*

KNH tekið til gjaldprotaskipta

Stjórn verktakafyrirtækisins KNH ehf., á Ísafirði lagði í síðustu viku fram beiðni til Héraðsdóms Vestfjarða um að félagið yrði tekið til gjaldprotaskipta. Allt frá upphafi síðasta árs hafa stjórnendur fyrirtækisins leitað leiða til að endurskipuleggja fjárhag félagsins og rekstur. Í byrjun maí á síðasta ári fékkst heimild héraðsdóms til greiðslustöðvunar sem stóð til 24. nóvember. Í framhaldinu var óskað eftir heimild dómsins að leita nauðasamninga á grundvelli framlagðs frumvarps um nauðasamninga.

„Skipaður umsjónarmaður félagsins á nauðasamningstíma sendi Héraðsdómi Vestfjarða síðan bréf þar sem hann beindi þeim tilmælum til dómsins að heimild til nauðasamninga yrði afturkölluð, þar sem stjórnendum félagsins hafi ekki tekist að sýna fram á getu félagsins til að greiða þann kostnað sem félli á það á nauðasamningstímanum. Föstudaginn 13. janúar síðastliðinn var heimild félagsins til nauðasamninga síðan afturkölluð og í beinu framhaldi af því hefur það orðið niðurstaða stjórnar félagsins, að í þessari stöðu verði ekki hjá því komist að leggja fram beiðni til Héraðsdóms Vestfjarða um að bú félagsins verði tekið til gjaldprotaskipta,“ segir í tilkynningu.

Þar segir ennfreður: „Stjórn félagsins harmar þá niðurstöðu sem komin er í þessu máli. Félagið hóf rekstur árið 1995 og þegar mest umsvif voru hjá félaginu störfuðu um 100 manns hjá því og verkefni stór sem smá hafa verið unnin á vegum þessu um land allt. Öllum starfsmönnum félagsins var sagt upp störfum 1. nóvember s.l. og voru það á fjórða tug starfsmanna. Stærsti verkkaupi félagsins hefur verið Vegagerðin og samskiptin við

hana verið góð á flesta lund. Félagið hefur til dæmis lagt um 246 km. af vegum um land allt, þar af 226 km. með bundnu slitlagi og á í dag aðeins ólokið hluta af verkinu „Vopnafjörður-Bunguflói“ austur á fjörðum, eða hluta af svokallaðri „Millidala-leið.“ Þá á félagið lítils háttar verkefni eftir á Barðaströnd í verkinu „Krák- Skálanes.“ Alls eru þetta um 12 km. sem eftir er að ganga frá en uppbyggingu að mestu lokið. Stór verkefni hafa ennfremur verið unnin fyrir einkaðila og lögaðila á starfstíma félagsins, má þar meðal annars nefna snjóflóðavarnir á Ísafirði og Bíldudal.

Þegar halla tók undan fæti eftir efnahags- og bankahrunið 2008, fór hins vegar að bera á hnökrum í samskiptunum og var svo komið á síðastliðnu ári að ekkert gekk né rak í því að fá Vegagerðina til að ganga frá uppgjörum vegna tveggja stórra verka, þ.e. verkefna „Vopnafjörður – Bunguflói“ og „Suðurstrandavegur“. Taka ber fram að þessa döpru samskiptasögu er ekki unnt að yfirfæra á Vegagerðina í heild sinni, þetta á aðeins við einstakar umdæmisskrifstofur sem hafa umsjón með þessu máli. Kröfugerð félagsins á Vegagerðina er hundruðir milljóna króna og samkvæmt áformum félagsins hefði hluti þeirra krafna dugað til að greiða áfallinn kostnað á greiðslustöðvunar- og nauðasamningstíma. Auk þessara samskiptakerfiðleika verður því ekki leynt að staða verkefna í íslensku samfélagi fyrir jarðvinnuverktaka er ekki uppörvandi og ljóst að þessi verktakastarfsemi er ekki enn komin á botnin og mun verða lengi að ná sér að nýju með óbreyttum áformum stjórnvalda,“ segir í tilkynningu frá félaginu.

Athugasemd frá Vegagerðinni vegna fréttar um gjaldprot KNH

Í tilefni af frétt BB um að KNH ehf hafi verið tekið til gjaldprotaskipta vill Vegagerðin taka eftirfarandi fram: „Verktakafyrirtækið KNH ehf. á Ísafirði hefur í mörg ár verið einn af stærri samstarfsaðilum Vegagerðarinnar við vegagerð í landinu, staðið sig ágætlega og skilað góðum verkum sem ástæða er til að þakka fyrir. Undanfarin misseri hefur fyrirtækið unnið að þremur verkefnum sem nefnd eru í fréttinni. Engu þeirra er lokið þótt lítið sé eftir af einu þeirra; Suðurstrandavegi, og því ekki rétt að illa hafi gengið að fá Vegagerðina til að ganga frá uppgjöri,

því endanlegt uppgjör fer ekki fram fyrr en við verklok,“ segir í tilkynningu frá Vegagerðinni.

Þar segir ennfreður: „Ágreiningur hefur hins vegar verið uppi um ýmsar kröfur verktakans, sem Vegagerðin hefur reynt að mæta með sanngirni, en því fer fjarri að sýnt hafi verið fram á réttmæt- ar kröfur upp á hundruð milljóna króna. Að mati Vegagerðarinnar er lítið ef nokkuð ógreitt fyrir þau verk sem unnin hafa verið og því útilokað að uppgjör á kröfum hefði haft nein úrslitaáhrif á fjárhagslega endurskipulagningu KNH ehf.“

– *thelma@bb.is*

Spyr hvort rétt sé að flytja hættulega farma við allskyns aðstæður

„Þetta er vissulega svakalegt slys en það sem maður horfir mest í er að ekki urðu slys á fólki,“ segir Ómar Már Jónsson sveitarstjóri Súðavíkurbrepps inntur eftir viðbrögðum við mengunarslysina í Hestfirði í síðustu viku. Ómar var sjálfur á leið vestur umrætt kvöld en þurfti frá að hverfa og gisti í Reykjanesi. Hann var í sambandi við lögreglu og aðra aðila á staðnum eftir slysið. „Allt verkferlið sem fór í gang frá því að ljóst var hvað hafði gerst, finnst mér hafa verið alveg til fyrirmyndar. Öllum vegfarendum var meinaður aðgangur þar til búið var að fyrirbyggja frekari slys með því að sandbera, aftengja rafgeymana og úða froðu yfir bílinn. Allt ferlið lýsti mikilli fagmennsku. Við erum með gott kerfi sem sýndi þarna að það virkar.“

Ómar segist ekki vita hvað taki við næst en kanna þarf umfang

umhverfistjónsins. Talið er að 25.000 lítrar af bensíni hafi lekið úr tank bílsins í jarðveg og jafnvel út í sjó. „Maður veit ekki hversu mikið tjón þetta er. Sérfræðingar munu fara í að meta það hvaða áhrif þetta hefur. Það er vitað að bensín er mjög rokgjarn og gufar fljótt upp svo vonandi verða áhrifin minni en ætla mætti í upphafi.“

Ómar segir slysið vekja upp þá spurningu hvort rétt sé að flytja hættulega farma með bíl við hvaða aðstæður sem er. „Í kjölfar slyssins finnst mér rétt að skoða við hvaða aðstæður verið er að flytja svona farm. Umræddan dag var glerhált, myrkur og slæmt veður sem vissulega eykur hættuna á að svona lagað gerist. Ég held því að það sé mjög mikilvægt að það verði metið hvort ekki þurfi að koma á einhverjum reglum um að við vissar aðstæður séu ekki bílar á ferli á vegum



Eins og sjá má var tankbíl Skeljungs mikið skemmdur eftir veltuna.

landsins með hættulega farma.“

Ómar segir erfitt að meta að svo stöddu hvort slysið geti haft langtíma afleiðingar. „Maður veit ekkert með vissu núna og vonar auðvitað það besta. En það er þó aldrei að vita. Súðavíkur-

hreppur er til dæmis um þessar mundir að taka fyrir erindi frá aðilum sem vilja stórauka fiskeldi í Djúpinu og leggja mikið fjármagn í það. Það skiptir því mjög miklu máli að fundnar verða leiðir til að tryggja ekki

skapist stórhætta á umhverfisspjöllum. Ef þetta hefði nú verið olía sem var í bílnum stæðum við frammi fyrir allt öðrum vanda. Þó þetta hafi vissulega verið alvarlegt þá er mikil mildi að ekki verr.“

– thelma@bb.is

Langtímaáhrif af bensínmengun lítil

„Reglan hjá okkur er að setja ekki mannskap í hættu við að hreinsa upp bensínflekki á sjó. Það er því meginlínan að fylgjast vel með og meta hvort að það séu einhver svæði sem þurfi að verja sérstaklega þegar svona kemur upp. Við eigum eftir að funda með Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og þá metum við stöðuna betur,“ segir Kristján Geirsson, deildarstjóri umhverfissverndar hjá Umhverfisstofnun, en óttast er að um 25 þúsund lítrar af bensíni hafi lekið út í jarðveg og sjó þegar tankbíl Skeljungs valt á veginum í Hestfirði í Ísafjarðardjúpi. Þar sem slysið varð á landi en ekki sjó, kemur Umhverfisstofnun ekki beint að slysinu. Það var slökkvilið Ísafjarðarbæjar sem brást fyrst við en síðan fylgdist Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða með frágangi á svæðinu.

„Núna er hávetur og lífríki í algeru lágmarki og því ekki mikil hættu fyrir það sem slíkt. Það eru ekki langtímaáhrif af bensínmengun líkt og olíu. Bensín gufar mjög fljótt upp og blandast við sjóinn, þynnist og dreifist. Síðan tekur við náttúrlegt ferli sem eyðir því,“ segir Kristján og bætir við að ef hreyfing sé á sjó þá taki það aðeins nokkra klukkustundir fyrir lífríkið að losna við bensínið en ef það er stilla gæti það tekið nokkra daga.

Að sögn Kristjáns drepast lífríkið sem verður fyrir umtalsverðri bensínmengun fljótt en það fer allt eftir magni hver áhrifin verða. Fuglar verða fyrir bruna þegar þeir komast í snertingu við bensín og þá leysir bensínið upp

fitulagið í fuglinum. „Hins vegar er bensínið fljótt að skolas í burtu þannig að ekki eru langtímaáhrif líkt og þegar um olíu er að ræða. Bensínið getur líka farið í fisk en að fer eftir því hve mengunin er mikil hver áhrifin verða, en ef

menkunin er mikil þá drepst fiskurinn. Það eru margir þættir sem hafa áhrif á það hvort hagkvæmara sé að hafa vöruflutninga á sjó eða landi. Sem dæmi má nefna álag á vegum, losun gróðurhúsalofttegunda og mengunarefna,

hættur á umferð og mengunarspjöllum, en þau geta auðvitað orðið á sjó líka. En af umhverfissjónarmiðum hefur stofnunin aðhyllst heldur sjóflutninga frekar en landflutninga þegar kemur að flutningum á bensíni og olíu.“

Athugið!
Næsti umsóknarfrestur
er 15. febrúar 2012

Tæknipróunarsjóður Styrkir til nýsköpunar

Nánari upplýsingar um sjóðinn er að finna á www.rannis.is



Tæknipróunar-
sjóður



ÍÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ



rannís

Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is



Dýrafjörður.

Vestfirsk ferðapjónusta í sókn

Nær 13,9% erlendra ferðamanna komu til Vestfjarða síðastliðið sumar samkvæmt könnun Ferðamálastofu sem bendir til að vestfirsk ferðapjónusta sé að sækja í sig veðrið því samkvæmt samskonar könnun komu 13,2% erlendra ferðamanna til Vestfjarða sumarið 2010. Flestir erlendu gestanna stoppuðu stutt við en 52,4% þeirra gistu í 1-2 nætur á svæðinu, 27,2% í 3-4 nætur og 15,4% í 5-7 nætur. 15,7% ferðalanganna voru konur og 12,1% karla. Flestir ferðamannanna voru komnir yfir 55 ára aldur eða 17%. Af þeim 35 stöðum sem sérstaklega var spurt um sögð-

ust 11% hafa heimsótt Ísafjörð, 8,8% Strandir, 6,7% Látrabjarg og 6,6% Arnarfjörð eða Dynjanda.

Erlendu ferðamennirnir dvöldu að jafnaði 10,2 nætur á landinu og ferðuðust langflestir á eigin vegum. Tveir af hverjum þremur höfðu bókað ferðina innan fjögurra mánaða fyrir brottför og við ákvarðanatöku höfðu flestir (75,4%) aflað sér upplýsinga um landið á netinu. Bílaleigubíll var sá ferðamáti sem flestir nýttu sér til ferða um landið en vegakerfið er einn af þeim þáttum sem margir ferðamenn töldu að mætti bæta. Ferðin stóðst væntingar flestra

því 79,1% aðspurðra töldu líklegt að þeir myndu koma aftur til landsins í framtíðinni og það að sumri til. Þetta er meðal niðurstaðna úr könnun sem Ferðamálastofa fékk MMR til að framkvæma meðal erlendra ferðamanna sumarið 2011.

Eins og áður hafa erlendir ferðamenn á Íslandi, einkum áhuga á náttúrutengdri afþreyingu. Þannig greiddu 70,5% fyrir sund eða náttúruböð, 46,2% fyrir söfn eða sýningar, 35,5% fyrir skoðunarferðir með leiðsögn, 34,0% fyrir hvalaskoðun og 22,0% fyrir dekur og vellíðan. Fyrir hestaferðir greiddu 17,3%,

bátsferðir 16,5%, jökla- eða vélsleðaferðir 15,2% og göngu- eða fjallaferðir með leiðsögn 14,5%.

Náttúran og landslagið skoruðu einnig hæst þegar spurt var um hvar styrkleikar Íslands í ferðapjónustu lægju helst. Þar nefndu 71,6% náttúruna og landslagið en næst kom fólkið og gestrisni með 30,5%. Aðrir þættir voru; fjölbreytt afþreying (12,1%), menning og saga (11,2%), þjónusta og gæði almennt (9,3%), almenn upplýsingagjöf (8,5%), aðgengi og innviðir (8,5%), sérstaða landsins (7,7%), tungumálakunnátta (6,8%) og þjónusta

almennt í tengslum við skoðunarferðir (6,5%).

Áhugavert er að skoða þau atriði sem nefnd voru þegar fólk var með sama hætti beðið um að nefna þrjá þætti sem helst mætti bæta í íslenskri ferðapjónustu. Efst trónir vegakerfið en 16,4% töldu að það mætti bæta, næst kemur margskonar ferðapjónusta (12,6%), verðlag almennt (12,6%), vegaskilti (8,8%), upplýsingar til ferðamanna (7,9%), þjónusta og fjölbreytni í tengslum við mat og veitingahús (7,4%), gæði á gistingu (5,8%), auglýsingar og markaðssetning á landinu (5,8%) svo fátt eitt sé nefnt.

Eftirlitið og árangurinn

Stakkur skrifar >

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður.

Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Síðast var fjallað um iðnað, salt og sílikon. Eftirlit með alls konar innflutningi, varningi og heilbrigði er lagt á hendur ýmissa opinberra stofnana með lögum. Oft skortir á það að nægjanlegt fé og mannaflí sé til reiðu til að sinna því með sómasamlegum hætti. Þá fer sem fer og stundum miður og jafnvel hreinlega illa. Brjóst kvenna og matur er eitthvað sem fara þarf varlega með. Heilsa þeirra sem nota framleiðsluna á mikið undir því að allt sé í lagi og réttu vörurnar notaðar, bæði í brjóstin og matinn.

Sorpbrennslustöðin Funi hefur eiginlega verið vandamál frá því hún reis. Hún var sett niður á rangan stað og skemmdist mikið í snjóflóði 25. október 1995. Eins og það dygði ekki til að fá bæjarstjórn til að hugsa sinn gang, þá stóð upp úr henni blár reykur allan tímann. Vonandi var ekkert pólitískt við það. En allan tímann voru Ísfirðingar sannfærðir um það af hálfu þeirra sem fylgjast skyldu með, að allt væri í himnalagi. En tíminn sá mikli og óbilgjarni dómari um mannanna verk leiddi í ljós að svo var ekki. Eiturfni úr brennslunni lögðu í raun landbúnað í Skutulsfirði í rúst. Það var nógu slæmt að stöðin skyldi menga þvert ofan í fullyrðingar sanntrúaðra stjórnmalamanna og eftirlitsstofnana. Bláa gufan var aldrei falleg, en kannski var hún verðugur minnisvarði um þá ákefðar bæjarstjórnarmenn sem lögðu allt undir til þess að reisa sér minnis-

varða í formi sorpbrennslustöðvar á þessum stað. Rétt er að rifja upp að haldin var kosning um staðsetningu. Núverandi Funa- staður á Kirkjubólshlíð kom aldrei til atkvæða, en var samt valinn. Þó vörðu einstaka menn við því að snjóflóð gætu fallið þar.

Landbúnaður á Vestfjörðum hefur átt undir högg að sækja í nokkra áratugi og hefur ekki notið pólitískrar velvildar. Þannig hefur sauðfjárbúskapur dregist verulega saman og það þótt hér á Vestfjörðum sé eitt besta land til sauðfjárræktar. Allt var ákveðið eftir reglustikuaðferðum og teiknað á pólitískum skrifborðum í Reykjavík. Það var því vont þegar ástandið í Engidal Funaði upp vegna síðbúins eftirlits. Það vekur upp spurningar um hverju skal trúa í þeim efnum. Nú er mjólkurvinnsla horfin þótt fé sé komið til mjólkurstöðvarinnar sem MS á nú. Enn ein pólitísk ákvörðun sem því miður hjálpar ekki kúabúskap á Vestfjörðum. Of lítið of seint! Neyslumjólk er nú flutt á bílum að sunnan og hefur komið í ljós að eftirlitið með gæðum eftir flutning þyldi skoðun. En hverjum á að treysta ef eftirlitið bregst. Þurfum við að fá nýja eftirlitsstofnun með öllum hinum eftirlitsstofnunum svo hægt sé að treysta mat og brjóstum? Líkast til. En er ekki til einfaldari leið? Því er erfitt að svara og meðan verða slysin.

Minni áhorfendastúka í skoðun

Fram hefur komið sú hugmynd að fyrsti áfangi byggingu áhorfendastúku á Torfnesi verði minnkaður þannig að í fyrstu verði einungis gert ráð fyrir 300 manna stúku. Hún yrði þar af leiðandi mun styttri og kostnaður yrði væntanlega minni sem því nemur

en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir 36 milljóna króna kostnaði við fyrsta áfanga. Þetta kemur fram í minnisblaði Daníels Jakobssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, sem lagt hefur verið fyrir bæjarráð.

Um nokkurt skeið hefur Hér-

aðssamband Vestfirðinga í samstarfi við Boltafélag Ísafjarðar, Skotíþróttafélag Ísafjarðarbæjar og áhugamannafélag um byggingu stúku átt í viðræðum við Ísafjarðarbæ um aðkomu bæjarins að byggingu áhorfendastúku og aðstöðu fyrir skotíþróttamenn. Félagið hafði í hyggju að byggja rúmlega 500 manna stúku með 50 metra langri skotbraut fyrir skotíþróttamenn í rými undir stúkunni.

Eins og kunnugt er setur Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) fram ákveðnar kröfur um aðstöðu og aðbúnað fyrir þau félög sem keppa í deildarkerfinu í knattspyrnu. Fram að þessu hefur félagum verið veittur frestur til framkvæmda en nú hefur KSÍ ákveðið að ekki verði veittir frekari frestir en til 2012. Þó er KSÍ heimilt að veita félagi sem kemur upp í 1. deild í fyrsta skipti eftir 2006 eins árs aðlögunartíma ef samþykktur leikvangur finnst ekki innan hæfilegrar fjarlægðar frá aðsetri félags. Sá tími er útrunninn hjá BÍ.

Til að mega spila í fyrstu deild er gerð krafa um að völlurinn uppfylli kröfur samkvæmt C flokki sem þýðir að vellir þurfa að hafa 300 aðskilin sæti. Ekki



Torfnesvöllur.

er gerð krafa um yfirbyggð sæti.

Áhugamannafélag um byggingu stúkunnar fór fram á að Ísafjarðarbær myndi leggja til 10 milljónir króna til byggingar rúmlega 500 manna áhorfendastúku með aðstöðu undir henni fyrir skotfélagið. Í minnisblaði bæjarstjóra er nú óskað eftir afstöðu bæjarins til þess hvort hugsanlegt sé að bærinn komi að byggingu áhorfendastúkunnar þannig að gert verði ráð fyrir að heildarkostnaður við bygginguna yrði 21 milljónir. Bærinn myndi leggja til þriðjung þess eða 7 milljónir krónur, þar af yrði lóð og byggingarleyfisgjöld metin á 1 milljón króna en afgangurinn greiddur í tvennu lagi, 3 milljónir króna á

þessu ári og þrjár á næsta ári. KSÍ kæmi svo með 7 milljónir króna og BÍ og Skotfélagið með afganginn. Þá yrði hluti vinnunnar væntanlega unninn í sjálfboðavinnu.

Við verklok fyrsta áfanga myndi Ísafjarðarbær eignast mannvirkið. „Áætlaður rekstrarkostnaður er óverulegur en hugmyndir eru uppi að byggja mannvirkið þannig að viðhaldskostnaður sé í lágmarki. Ekki er gert ráð fyrir að rýmið undir stúkunni sé upphitað í fyrsta áfanga,“ segir í minnisblaði bæjarstjóra. Bæjarráð frestaði afgreiðslu á erindinu og verður það tekið aftur fyrir í bæjarráði síðar.

– thelma@bb.is



Engidalur í Skutulsfirði.

Leitar réttar síns

Steingrímur Jónsson, bóndi á Efri-Engidal í Skutulsfirði, segir niðurstöður beitartilraunar í dalnum breyta litlu og leitar réttar síns með aðstoð lögmanns. Beitartilraunin sem gerð var í nágrenni við sorpbrennslustöðina Funa í Skutulsfirði sýnir að svæðið hentar aftur til búfjárhalds og ætlar Matvælastofnun að aflétta banni á nýtingu fódurs. Ráðlegt er þó talið að vakta afurðir fyrst um sinn, sérstaklega er varðar kýr og hross.

Steingrímur segir í samtali við Fréttablaðið að þrátt fyrir að niðurstöðurnar segi að fódra megi skepnurnar þá sé nýr bústofn eins og hann átti fyrir ekki galdraður fram, enda myndi það kosta fimm til átta milljónir að kaupa hann aftur. Hann felldi allan sinn bústofn: 80 kindur og 19 nautgripir. Eins var 200 kindum fargað frá öðrum bændum í dalnum.

Matvælastofnun (MAST) skipaði fyrir ári sérfræðihóp til að meta áhrif díoxínmengunar á framtíð búskapar í Skutulsfirði. Hópurinn skilaði skýrslu í vor þar sem lagt var til að gerð yrði beitartilraun til að ganga úr skugga um hvort gripir sem þar ganga tækju upp díoxín úr gróðri á svæðinu. Þrjár ær og fjögur lömb voru á beit í sérstöku hólfi í landi Kirkju-

bóls í Engidal. Þeim var slátrað í haust til efnagreiningar og sýnatöku. Þess má geta að Umhverfisstofnun hafði fyrr gefið út að jarðvegur á svæðinu væri hættulaus, og höfðu bæjaryfirvöld á Ísafirði gert athugasemdir vegna þess að stofnanirnar væru tvísaga um hvort landið væri nýtanlegt.

Niðurstaða beitartilraunarinnar er að þó að mengun sé enn til staðar, er ekki talið tilefni til að ætla að sauðfé taki lengur upp mikið magn díoxíns í gegnum beitina á svæðinu. Gert er ráð fyrir að áfram dragi úr mengun, en sorpbrennslustöðin er ekki lengur í rekstri. Kjartan Hreinnson, sérgreinadýralæknir hjá MAST, segir í samtali við Fréttablaðið niðurstöðuna þá bestu úr því sem komið var í vondri stöðu. Banni til framleiðslu og sölu afurða sé aflétt. „Það þarf samt eitthvað að fylgjast með þessu. Díoxín mælist aðeins hærra en í landinu almennt en þau eru undir öllum viðmiðunargildum.“

Hæsta gildið sem mældist í beitartilrauninni var 60% yfir aðgerðarmörkum, en fari matvæli yfir þau mörk, ber að leita uppsprettu og draga úr losun út í umhverfið. „Ég held að þetta sé mjög góð niðurstaða fyrir búskap á þessu svæði,“ segir Kjartan.



Óvenjulega stór hópur sást af lómi í Önundarfirði.

Mest af æðarfugli meðal vetrarfugla

Alls voru taldir 17.500 fuglar af 35 tegundum í árvissri vetrartalningu á fuglum á norðanverðum Vestfjörðum. Talið var í Bolungarvík, á Óshlíð, í Skutulsfirði, Álftafirði, Súgandafirði, Önundarfirði og í Dýrafirði í kringum áramótin. Mest var æðarfugli eða tæplega 10 þúsund fuglar. Hávellur voru rúmlega 1600, hvítmáfar 1220, ógreindir máfar (hvít- eða

bjartmáfar) 1040, snjóttlingar tæpir 1100 og aðrar tegundir voru undir þúsund.

Af flækjum voru þrír æðarkóngar, tveir gráprestir og einn svartpróstur. Sá síðast nefndi er reyndar varpfugl á Íslandi en telst frekar til flækingsfugla á Vestfjörðum. Óvenjulega stór hópur (30) sást af lómi í Önundarfirði.

„Það náðist ekki að telja eitt svæði og tvö voru aðeins talin að

hluta. Eitt svæðið er Óshlíðin en vegna snjóflóða var leiðin alveg ófær. Samt náðist að telja 1/3 af því svæði. Öll svæðin voru talin úr bíl nema eitt sem var Tungudalur á Ísafirði, það svæði var talið á gönguskíðum,“ segir á vef Náttúrastofu Vestfjarða sem hafði umsjón með talningunni. Nánari upplýsingar um fjölda fugla má finna á nave.is.



Eina víkingaskip landsins

Víkingaskipið Vésteinn á Þingeyri er eina skipið hérlandis sem skráð var sem víkingaskip í aðalskipaskrá um áramótin. Samkvæmt því hefur ekkert víkingaskip bæst í flota landsmanna undanfarið ár. Víkingaskipið Valtýr, sem sjósett var hjá Skipavík í Stykkishólmi er skráð sem skemmtiskip og víkingaskipið Íslendingur, sem smíðað var á árunum 1994-1995 og hefur verið til sýnis í Innri Njarðvík, hefur

verið afskráð.

Víkingaskipið Vésteinn er 13 brúttótonn, 12 metra langt og 3ja metra breitt. Skipið var smíðað á Þingeyri og sjósett í lok júní 2008 en það tekur 18 farþega og tvo í áhöfn. Vésteinn fór sína lengstu för til þessa síðastliðið sumar þegar hjónin Valdimar Elíasson og Sonja Elín Thompson sigldu skipinu, ásamt Jakobi Hermannssyni, frá Þingeyri til Húsavíkur og til baka.



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Styrkir til vinnustaðanáms eða starfspjálfunar vorið 2012

Mennta- og menningarmálaráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki til fyrirtækja eða stofnana sem taka nemendur í vinnustaðanám. Markmið styrkjanna er að hvetja fyrirtæki eða stofnanir til þess að taka nemendum sem stunda vinnustaðanám sem hluta af námi á framhaldsskólastigi og gera þeim kleift að ljúka tilskildu vinnustaðanámi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla.

Umsækjendur skulu uppfylla almenn skilyrði gildandi reglugerðar um námssamninga og starfspjálfun um hæfi til þess að annast nemendur í starfsnámi. Þeir skulu hafa á að skipa hæfum tilsjónaraðila með náminu og leggja fram áætlun um vinnustaðanámið og fyrirsjáanlega framvindu þess.

Styrkir geta numið allt að 20 þús. kr. á viku og eru veittir til 24 vikna að lágmarki. Styrkur er greiddur eftir því sem námi vindur fram.

Umsóknum er skila á sérstöku eyðublaði sem er að finna á vef ráðuneytisins. Umsókn skal fylgja yfirlit um framvindu vinnustaðanáms eða starfspjálfunar.

Nánari upplýsingar veitir Ólafur Grétar Kristjánsson í síma 545 9500 eða í tölvupósti á netfangið olafur.g.kristjansson@mrn.is.

Umsóknarfrestur er til 1. febrúar 2012.



Heima og heiman

Hafrannsóknarstofnun á Ísafirði heldur utan um kennslu á vegum Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Þremmingarnir Móses Okwakol Eselu frá Uganda, Jeremiah Kionplue Nah frá Líberíu og Rosário Fernandes Jorge frá Mósambík stunda nú þar nám í veiðitækni. Blaðamaður BB spjallaði við þá um fisk, jól og myrkur.

„Byrjið snemma“

- eru fiskveiðar stór atvinnugrein í heimalöndum ykkar?

Móses: „Sjávarútvegur er nokkuð stór í Uganda en okkar veiðar fara aðallega fram í Viktoríuvatni. Ég starfa við veiðieftirlit en hjálpa líka fiskimönnum að komast af stað.“

Jeremiah: „Í Líberíu verða fiskveiðar sífellt mikilvægari og við erum stöðugt að reyna að efla sjávarútveg okkar enn frekar. Ég sinni eftirliti með veiðum og held utan um þróunarverkefni.“

Rosário: „Strandlengja Mósambík er löng og því mikið um veiðar. Við stundum líka ferskvatnsveiðar. Rækjuveiðar eru mikilvægastar og stór útflutningsgrein. Mitt starf er að hafa umsjón með þróun veiða.“

Þremmingarnir segjast ánægðir

með námið á Íslandi en viðurkenna að veturinn hér gæti ekki verið ólíkari umhverfinu sem þeir koma úr. Jólhaldið hlýtur líka að hafa verið frábært því sem þeir eru vanir?

Jeremiah: „Við vissum að við yrðum að heiman um jólin og vorum ágætlega undirbúnir fyrir það. Enda höfðum við það mjög gott í öllum jólaboðunum hérna.“

Rosário: „Það var líka gaman að upplifa muninn á jólalhaldið. Til dæmis hvað þið byrjið snemma hérna. Það var mjög skrítið fyrir okkur að sjá jólasक्रaut í nóvember.“

Móses: „Já, þið byrjið að skreyta snemma. En þið látið jólalhaldið ekki trufla vinnuna ykkar. Fólk heldur sínu striki. Í Uganda er jólafrí í skólum allan desember og allan janúar.“

Jeremiah: „Annars er þetta ekki það ólíkt. Stærstu dagarnir hér virðast vera 24., 25. og 26. desember eins og heima hjá okkur. Fólk eyðir fullt af peningum í gjafir, skreytir jólatréð, sest niður klukkan sex til að borða og þessir trúaðri fara í kirkju. Þannig er það líka í Líberíu.“

Rokið og myrkið

Nám á vegum Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóð-

anna fer einnig fram á Hólum, Akureyri og í Reykjavík. Sérnámið í veiðitækni er aðeins kennt á Ísafirði og tekur um 5 mánuði. Hvernig hefur þremmingunum líkað dvölin hér fyrir vestan?

Móses: „Þetta er búið að vera frábært. En það kom okkur auðvitað á óvart hvað dimmir snemma hérna og birtir seint. Heima er maður vanur að líta til sólar til að átta sig á því hvað klukkan er. Hér er hún í hvarfi. Á morgnana lítur maður út um gluggann og það er svartamyrkur. Heima er alltaf 25 stiga hiti og fer hækkandi í desember. En svo er yfirleitt þurrkur hjá okkur í janúar.“

Jeremiah: „Við í Líberíu erum reyndar á sama tíma og Ísland en veðrið gæti sennilega ekki verið ólíkara.“

Rosário: „Ég hafði aldrei upplifað snjó áður en ég kom hingað. Mér finnst hann ágætur en á erfiðara með að venjast rokinu.“

Móses: „Já, þetta getur orðið svolítið rosalegt þegar það er snjókoma og mikið rok. Þá á ég oft erfitt með að vera á ferðinni því ég get ekki annað en starað niður fyrir mig. Heima væri örugglega búið að keyra mig niður en hér eiga gangandi vegfarendur alltaf forgang.“



„Alltaf skemmtileg- asta blótið til þessa“

Ríflega 230 manns sóttu árlegt þorablót Bolvíkinga sem haldið var í 67. sinn á laugardagskvöld. „Þetta var gaman eins og alltaf. Blótið er alltaf það skemmtilegasta til þessa þar sem enginn man blótið frá því í fyrra,“ segir Hulda M. Þorkelsdóttir sem sæti átti í þorablótsnefnd. Efnt er til blóts í Bolungarvík á fyrsta laugardegi í þorra ár hvert og bjóða þá bolvískar konur bónda sínum til slíkrar skemmtunar. Þorablótið

er ætlað hjónum, sambýlisfólki, ekkjum og ekkjum í Bolungarvík. Öllu var tjaldað til að gera kvöldið sem veglegast og stígu skemmtinefndarkonur á stökk í hinum og þessum hlutverkum.

„Fluttur er bæjarbragur en við semjum alltaf um ýmsar fréttir úr bænum og er þá tekið svona sitt lítið af hverju. Í þetta sinn komu til dæmis álfarnir við sögu sem leitað var sátta við í sumar og svo ísbjörninn sem Reimar og

félagar rákust á,“ segir Hulda. Blótsgestir mæta í sínu fínasta þússi, konur í upphlut eða peysufötum og karlmenn í hátíðarbúningi eða dökkum jakkafötum með hálstau, en líklegt er að vandfundinn sé sá staður á Íslandi þar sem er jafn hátt hlutfall íbúa sem eiga þjóðbúning en í Bolungarvík. Blótsgestir snæddu hefðbundinn þorramatur, sem borinn var fram í trogum líkt og forðum.

– thelma@bb.is



Sælkeri vikunnar er Þorsteinn Másson á Ísafirði

Spænskur saltfiskréttur að hætti Steina

Sælkeri vikunnar býður upp spænskan saltfiskrétt með ljúffengri og bragðsterki sósu.

Spænskur saltfiskréttur Fyrir 4

900 g af útvötnuðum, bein-
hreinsuðum saltfiski. (Má vera
ósaltur)

1 dós Taco sósa
1 laukur
10 ólífur

1msk capers
1 dl hveiti
Aromat
Salt
Sítrónusafi

Setjið hveitið í skál og kryddið með aromati og salti. Setjið olíu á pönnu og látið hitna vel. Veltið fiskinum upp úr hveitinu og skellið á pönnuna. Þegar fiskurinn er orðin gullinbrúnn snúið þá við á

hina hliðina. Rétt áður en þið takið hann af pönnuni hellið þá smávegis af sítrónusafa (má vera hvítvín) og leyfið honum að malla í safanum í smá stund.

Sósa:

Saxið laukinn og setjið hann í pott með smá olíu. Þegar laukurinn er orðin glær setjið þá ólífurnar, tacosósuna og capersið út í og leyfið að malla í 10 mín. Gott er

að setja smá safa af kapersinu út í sósunu.

Berið fram með kartöflum og fersku salati

Ég skora á Jóhann Sigurjónsson og Þorbjörgu Karlsdóttur frá Ísafirði til að koma með einhverja góða uppskrift í næsta blaði.



FORSALA Á KAJÖKUM

ER HAFIN Í ELLINGSEN



perception

Ellingsen býður sérstakt tilboð við forpöntun á kajökum. Verð hér að neðan eru sértílað til þeirra sem panta **fyrir 4. febrúar** næstkomandi, en kajakarnir koma til landsins um miðjan apríl.

Hafðu beint samband við sölumann
Þór Ragnarsson **580 8506**

PERCEPTION Triumph 13 Angler

Triumph Angler veitir nægt rými fyrir stangveiði án þess að missa sveigjanleika, lipurð og hraða. Hann er tilvalinn fyrir veiðiklær sem vilja samt ekki gefa neitt eftir í gæðum.

Tilboðsverð
149.990 kr.

Verð 199.990 kr.



PERCEPTION Scooter Gemini

Scooter Gemini tekur 2 í sæti. Það er auðvelt að stýra honum og hann hentar einstaklega vel á lygnu vatni.

Tilboðsverð
119.990 kr.

Verð 159.990 kr.



PERCEPTION Prodigy II 14.5

Sæti fyrir tvo, sérstyrktur botn og stefnir. Hann er lipur og stöðugur og hentar vel á lygnu vatni og í léttum straumi.

Tilboðsverð
138.990 kr.

Verð 194.990 kr.



PERCEPTION Essence 17

Sérhannaður kjölur og V-lögun kajaksins gera hann afar stöðugan og auðveldar beygjur. Hentar bæði fyrir byrjendur og lengra komna.

Tilboðsverð
209.990 kr.

Verð 294.990 kr.



Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.-föstud. 8-18 • laugard. 10-16 • ellingsen.is



Ellingsen

- FULLT HÚS ÆVINTÝRA